

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2015-2019 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Framhaldsskólans á Laugum

Markmið og tímabundin verkefni

A) Markmið

Nemendur

Meginmarkmið:

Að bæta ástundun nemenda.

Deilimarkmið:

Bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 79% í 84% á árunum 2015-2017.

Draga úr brottfalli úr áföngum sem hefur verið 5,5% í 4,5% á árunum 2015-2017.

Meginmarkmið:

Að nemendum líði vel í skólanum.

Deilimarkmið:

Að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist á árunum 2015-2017.

Að nemendur hafi daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi á árunum 2015-2017.

Nám

Meginmarkmið:

Skólinn leggur áherslu á að auka fjölbreytni náms.

Deilimarkmið:

Að boðið sé upp á nám í ferðamálafræðum og aukið verði vægi list- og verkgreina á árunum 2015-2017.

Meginmarkmið:

Að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn nemenda hækki úr 7,3 í 7,6 á árunum 2015-2017.

Meginmarkmið:

Að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2015.

Deilimarkmið:

Að áfangalýsingar og námsbrautir nýrrar skólanámskrár séu samþykktar af ráðuneyti haustið 2015.

Að almennur hluti skólanámskrár sé samþykktur af ráðuneyti haustið 2015.

Kennsla

Meginmarkmið:

Að skólinn hafi yfir að ráða hæfum og vel menntuðum kennurum og starfsfólki.

Deilimarkmið:

Að allir kennarar séu framhaldsskólakennarar með leyfisbréf á árunum 2015-2017.

Stjórnun

Meginmarkmið:

Að þróunar og umbótastarf skólans sé virkt og skili árangri á árunum 2015-2017.

Samstarf við aðra

Meginmarkmið:

Samstarf við aðra framhaldsskóla verði eftt með reglubundnu samráði.

Deilimarkmið:

Að skólinn sé í reglulegu og markvissu samstarfi við aðra framhaldsskóla varðandi aukið námsframboð.

Meginmarkmið:

Samstarf við grunn- og leikskóla og félagasamtök í sveitarfélaginu verði eftt með reglubundnu samráði.

Deilimarkmið:

Að nemendur í 10. bekk sem hafa burði til, geti stundað nám í einstökum áföngum við skólann á árunum 2015-2017.

Að nemendur íþróttabrautar taki að sér þjálfun og kennslu grunn- og leikskólanema á svæðinu, í umsjón Umf. Eflingar, í verklegum þætti náms síns.

Að nemendum skólans sé árlega gefinn kostur á þátttöku í uppsetningu á leiksýningu með leikdeild Eflingar og það sé metið sem valgrein.

B) Tímabundin verkefni

Gerð nýrrar skólanámskrár og skipulagning námsframboðs

Þróun kennsluhátta og námsmats